



Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík


Reykjavík, 18. febrúar 2002

Vísað er til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar, dags. 13.þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn Biskupsstofu um frumvarp til laga um kirkju- og manntalsbækur, 372. mál, kostnaður.

Frumvarp þetta hefur ekki hlotið umfjöllun Kirkjubings svo sem lögskýlt er, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Þegar af þeirri ástæðu getur það vart hlotið frekari umfjöllun Alþingis fyrr en úr því hefur verið bætt.

Þá þykir rétt að taka fram að eðlilegt þykir að ríkið greiði áfram kostnað vegna kirkju – og manntalsbóka eins og verið hefur frá gildistöku laga nr. 3/1945, enda miklir almannahagsmunir í húfi. Bent skal á að öll vinna sem innt er af hendi við skráningu og færslur í nefndar bækur og aðra umsýslu því tengda, er innt af hendi af starfsmönnum kirkjunnar og er ríkinu að kostnaðarlausu. Þykir óeðlilegt og ósanngjarnt að skylda Þjóðkirkjuna og önnur trúfélög til að greiða frekari kostnað af verkefnum af þessu tagi. Einnig skal bent á að ekki er skilgreint hver beri eftirleiðis ábyrgð á málaflokknum, gerð bókanna og umsýslu allri í því sambandi, en það hlýtur að koma til skoðunar þegar skyldu til greiðslu kostnaðar er breytt. Frumvarpinu er því mótmælt af þessum sökum.

Virðingarfyllst, f.h. Kirkjuráðs

  
Guðmundur Þór Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs